

Skýrsla Æskulýðsnefndar Ljúfs

2019 - 2020



Hestamannafélagið Ljúfur
Hveragerði og Ölfusi

Október 2020

Inngangur

Árið 2020 hefur verið sérstakt, svo vægt sé til orða tekið. Þann 28. febrúar greinist fyrsta Covid smitið á Ísandi og 14. mars fer Grunnskólinn í Hveragerði eins og hann leggur sig, í sóttkví, og er allt daglegt líf í Hveragerði í lamasessi fram til um miðjan maí. Allt þetta hafði áhrif á æskulýðsstarf Ljúfs en var langt frá því að stoppa okkur. Miklar mannabreytingar hafa orðið á stjórn og æskulýðsnefnd félagsins síðastliðin 2 ár en allir komu að störfum af fullum krafti og byggja á góðum grunni. Þrátt fyrir allt sem gekk á veturinn 2019/2020 lagði æskulýðsnefnd Ljúfs mikla áheyrslu á uppbyggingu metnaðarfulls starfs og að ná til nýliða í hestamennsku. Ýmis námskeið hafa verið í boði og þá sérstaklega þar sem boðið er upp á hesta, félagspeysur voru seldar og fræðsluefni var sent í heim í hús, svo fátt eitt sé nefnt. Allt þetta virðist að skila sér í mikilli ánægju félagsmanna og auknum félagsmannafjölda. Fjöldi félagsmanna árið 2019 var 121, þar af 19 börn, en í lok árs 2020 telur Hestamannafélagið Ljúfur 154 félagsmenn, þar af 54 börn og erum við afsaplega hreykin af þessum árangri. Formaður Ljúfs var Jón Guðlaugsson fram til óktóber 2020, eftir það tók Erla Björk Tryggvadóttir við. Formaður æskulýðsnefndar var Bryndís Heiða Guðmundsdóttir og tók við henni Margrét Polly Hansen í maí 2020. Meðstjórnendur æskulýðsnefndar eru Snævar Freyr Sigtryggsson og Lovísa Bragadóttir. Félagssvæði Ljúfs er í Hveragerði og dreifbýli Ölfuss og var félagið stofnað 13. janúar 1961.



Haust 2019

Haustnámskeið Ljúfs

Haustnámskeið Ljúfs var haldið í nóvember og desember 2019, kenndir voru 8 tímar, 7 verklegir og 1 bóklegur. Skipt var í hópa eftir getu og voru samtals 18 börn sem tóku þátt. Kennari var Eggert Helgason, ungur, þrælvanur hestamaður og menntaður reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Hinar ýmsu þrautabrautir voru lagðar fyrir börnin og lærðu mörg börn undirstöðuatriði hestamennsku þar sem mikið var um nýliða. Við fengum hross og aðstöðu hjá Eldhestum í Ölfusi, sem hefur stutt við okkur jafn og þétt í gegnum árin. Námskeiðinu lauk með þrautabraut svo og verðlaunafhendingu, pizzaveislu og jólagleði í félagsheimili Ljúfs.



Vor 2020

Öllum viðburðum var frestað

Allt barnastarf Ljúfs féll niður vorið 2020. Fella þurfti niður páskamót, bingó, vornámskeið og hópreiðtúr barna vegna Covid.

Sumar 2020

17. júní gleði Hveragerðisbæjar

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní mættu góðir félagsmenn með hesta sína fyrir hönd hestamannafélagsins Ljúfs í Hveragerði til þess að leyfa börnum að fara á bak og kynnst okkar frábæra og einstaka vin, Íslenska hestinum. Gestir hátíðarinnar, sem var í ár með mun minna sniði en vanalega, tóku vel á móti okkur, aðsóknin að hestunum var gríðarleg og fannst öllum vel þess virði að bíða í röð, jafnvel oftar en einu sinni til að fá að prófa að fara á hestbak. Veðrið lék við okkur og var mikil gleði meðal ungra tilvonandi knapa og félagsmanna.



Sumarnámskeið Ljúfs

Í júní var haldið árlegt sumarnámskeið sem er samstarfsverkefni Hveragerðisbæjar og æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Ljúfs. Hvert námskeið var 5 skipti, 1 klukkustund í senn og var einnig haldið hjá Eldhestum, sem er með góða hesta fyrir börn og frábæra aðstöðu.



Í þetta sinn var kennarinn Cora J. Claas, sem er einnig menntaður reiðkennari frá Hólum og hefur stundað hestamennsku í um 20 ár. 38 börn voru skráð til leiks í 6 hópum þetta sumarið og tókst námskeiðið með afbrigðum vel. Börnin, sem voru lang flest byrjendur, lærðu kemba og leggja á, gerðu ýmsar æfingar til að

bæta jafnvægi, lærðu að stjórna hestinum á feti, brokki og tölti, náðu góðum tókum á lóðréttri, stígandi og hálfléttri ásetu og fengu flestir hópar að fara í a.m.k. 2 reiðtúra. Á meðan kennslan fór fram var æskulýðsnefndin ásamt vanari Ljúfsbörnum til taks til að aðstoða kennarann, einnig þegar farið var í reiðtúra þar sem öryggi, vellíðan og utanumhald knapa er ávallt í fyrsta sæti.



Firmakeppni Ljúfs

Firmakeppni var haldin í lok júlí á félagssvæði Ljúfs og var metfjöldi skráninga á mótinu á þessum áratug ef ekki frá aldamótum. Keppt var í teymdum polla-, polla-, barna- og unglingaflokkum ásamt eldri flokkum. Þátttakan var sérstaklega góð í pollaflokkum. Í samstarfi við Reiðskólann á Bjarnastöðum, var þeim börnum sem ekki höfðu hest til umráða, boðið að fá lánaðan hest til



þess að geta tekið þátt. Börnin "stækkuðu" öll mjög mikið þennan dag þegar þau fengu afhentan verðlaunapening fyrir sína frammistöðu. Keppnin og verðlaunapeningar voru mest rædda málið í fjölskyldugrillveislunni sem var haldin að mótinu loknu. Félagsmenn ungir sem aldnir skemmtu sér frábærlega eftir velheppnað mót og fóru allir sáttir og glaðir heim.



Haust 2020

Æfum reiðmennsku

Stærsta hugmynd sem kom upp í ár var hversu gaman það væri fyrir börn að geta æft reiðmennsku vikulega eins og aðrar íþróttir í Hveragerði og Ölfusi, var að raunveruleika í haust. Reiðskólinn á Bjarnastöðum í Ölfusi hafði haldið sumarnámskeið fyrir börn, og ákvað að halda áfram í haust og fá til sín börn reglulega til þess að æfa reiðmennsku. Hugmyndin var að börn gætu æft reiðmennsku eins og aðrar íþróttir í Hveragerði og Ölfusi. Reiðskólinn, sem er í Ölfusi, er staðsettur 8 km fyrir utan Hveragerði og er undir stjórn reiðkennarans



Coru Claas, sem kenndi einnig sumarnámskeið Ljúfs þetta árið. Á staðnum fá börnin hesta, hjálma og reiðtygi. Hestamannafélagið Ljúfur ákvað að styðja við reiðskólann og krakkana sem vildu sækja reiðskólann með því að greiða fyrir frístundabílinn frá Hveragerði sem kemur börnunum á námskeiðin innan frístundartímans. Námskeiðin eru frístundastyrkhæf og hér er rétt að geta þess að Ölfusingar sem búa í dreifbýlinu í Ölfusi sækja skóla í Hveragerði. Þetta fyrirkomulag hefur vægast sagt slegið í gegn og eru samtals 52 börn að æfa reiðmennsku á Bjarnastöðum og koma þau frá Hveragerði, Ölfusi, Selfossi, Þorlákshöfn og meira að segja mæta sum börn alla leið frá Reykjavík. Hver æfing er 2 klukkutímar, 1 x í viku í 9 vikur, og er 5-6 barna hópum, skipt upp eftir aldri og getu.

Börnin, sem eru fædd á bilinu 2014 til 2007, mæta á staðinn og byrja á því að kanna á hestalistanum hvaða hesta þau eru með, þar má finna mynd og lýsingu af hverjum hesti á



töflu sem á að auðvelda öllum að þekkja, finna og muna eftir öllum hestum. Hnakkar og beisli eru merkt með lit og því auðvelt að finna það sem hentar, þar sem hver hestur er með ákveðin lit á myndunum. Börnin eiga að vinna sjálfstætt í því að finna hestinn sinn í hópnum,



mýla hann, kemba og leggja á. Kennslan fer ýmist fram í hóptímum í reiðgerðinu eða á viðavangi, í reiðtúr eða á túnum, þar eru oft settar upp þrautabrautir t.d. slöngulínur, æft hindrunarstökk, að ferja dót á hesti á milli staða, kenndar verða reiðleiðir, ásetur, gangtegundir, atferli hesta og ótal fleira. Reglulegar sætisæfingar í hringteymingum eru notaðar til að bæta jafnvægi, einnig er farið á bak berbakt. Börnin læra einnig um umhirðu hrossa t.d. með að hjálpa við að ná í stóðið út á túni, gefa, moka og ýmislegt sem fellur til, eins og allir vita klárast aldrei verkefnið í kringum hrossin og er að

ótalmörgu að hyggja. Börnin heimsóttu folöld út á túni og var mikið spáð og spekúlerað þar sem annað folaldið vildi alls ekki láta klappa sér en kom samt alltaf til að tala við börnin en hitt var heldur rólegra. Stundum var kíkt á hesta í nágrenninu og talað um hestalti sem ekki var hægt að finna á Bjarnastöðum eða stoppað í berjamó í reiðtúrnum upp á fjall.

Aðalmarkmið í öllum tímum var að hafa fjölbreytileika í kennslu, hafa gaman, stuðla að góðu jafnvægi, góðum skilning á hegðun hrossa og tryggja öryggi knapa. Útreiðtúrar byrjuðu hjá flestum hópum í viku 2, þar sem flest börn voru búin að fara á a.m.k. eitt reiðnámskeið fyrr í sumar og er það klárlega markmið hjá öllum knöpum að komast í góðan reiðtúr. Stórkostlegt er að sjá öryggið hjá börnunum og gleðina sem skín úr andlitunum á bæði þeim og foreldrunum. Öll börnin fengu útskriftaskeifu í lok námskeiða og var það flottur minjagripur til að hafa í herbergi fram að næsta námskeiði. Við hlökkum til frekari samstarfs með Reiðskólanum á Bjarnastöðum strax næsta vor.





Peysur til styrktar æskulýðsnefnd og hvattningarátak til félagsmennsku

Það var komið af stað samstarfsverkefni Exmerkt, Reiðskólanum á Bjarnastöðum og æskulýðsnefndar Ljúfs til að styrkta æskulýðsnefnd og hvetja knapar til félagsaðildar í Ljúf. Ákveðið var að bjóða upp á merktar peysur á mjög sanngjörnu verði og minna í leiðinni á að skrá sig í félagið. Yfir 50 peysur hafa rokið út og hefur nýliðun í gegnum þetta verkefni verið yfir 30 manns, sem er um 25 % aukning á heildarfjölda félagsmanna, þar af 29 börn, 19 börn af þeim sem fengu peysur voru nú þegar í félaginu. Allar peysur voru merktar í sjálfsboðavinnu. Það söfnðust yfir 40.000 kr fyrir æskulýðsstarfi í gegnum þetta verkefni og erum við í skýjunum yfir þessum móttökum og bjóðum við alla nýja félagsmenn velkomna í Ljúf.



Fræðsla heim í hús

Bókin "Heimur hestsins" sem er fróðleiksrít fyrir forvitna krakka, var gefin út af Félagi hrossabænda & Landssambandi hestamannafélaga árið 2015. Ljufur ákvað að senda bókina til allra Ljúfs barna, þar sem ekki var hægt að bjóða upp á margmenna fræðslu í haust. Fræðsla heim í hús ásamt reiðvettlingum og dagskrá æskulýðsnefndar fyrir veturinn 2020/2021 er að lenda í lúgunni hjá öllum Ljúfsbörnum á næstu dögum.



Lokaorð

Þrátt fyrir sérstakt ár hefur æskulýðsstarfi Ljúfs verið sinnt af miklum krafti þökk sé mörgum öflugum félagsmönnum. Mörg verkefni hafa verið unnin, margt nýtt er á dagsskrá framundan og fjölgun barna í félaginu var veruleg. Nýliðun í félaginu hefur leitt til breyttrar stjórnar og nýrri stjórn æskulýðsnefndar, og hafa þau í sameiningu komið í gang nýjum og spennandi verkefnum og ekki bara tengd æskulýðsstarfi. Við erum afskaplega glöð með, og afar stolt af því að fjöldi barna í félaginu nánast þrefaldaðist á einu ári og má rekja það beint öflugs æskulýðs- og félagsstarfs. Þetta ár verður lengi í minnum haft af mörgum ástæðum.

Við hlökkum til að vinna með öllum dásamlegu börnunum og öðrum félagsmönnum í framtíðinni og látum ekkert stoppa okkur í áframhaldandi uppbyggingu hestamannafélagsins Ljúfs.



Það má gera æfingar hvar sem er, fjölbreytileiki í kennslu - haustreiðskóli 2020



Það vakti mikila gleði að fara ríðandi og heimsækja folöldin - haustreiðskóli 2020



Stundum er gott að stoppa og velta aðstæðum og hegðun dýra fyrir sér í náttúrlegu umhverfi. Hér eru 6 og 7 ára börn að fylgjast með folaldsmerum og folöldum, hestamennska er fjölbreytt og kennir þolinmæði og virðingu fyrir dýrum og umhverfinu. Reiðhestarnir fylgjast með þessu öllu saman - haustreiðskóli 2020



Haustveðrið að leika við börnin í reiðtúr, oftast voru æfingar, fyrst æft í reiðgerðinu og í kjölfar farið í reiðtúr samdægurs - haustreiðskóli 2020

Takk fyrir okkur,

Æskulýðsnefnd Ljúfs, Margrét Polly, Snævar og Lovísa